

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjubyggingarsjóð Bolungarvíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. marz 1970.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubyggingarsjóð Bolungarvíkur.

1. gr.

Stofndagur sjóðsins telst 21. nóvember 1969.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Elísabet Hjaltadóttir og Einar Guðfinnsson, forstjóri í Bolungarvík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200 000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — og er upphæð þessi gefin í tilefni 50 ára hjúskaparafmælis stofnenda.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja byggingu nýrrar kirkju í Bolungarvík, þegar þar að kemur.

5. gr.

Árlega vexti skal leggja við höfuðstól. Tekjur sjóðsins eru auk þess, hvers konar gjafir og framlög, er honum kunna að berast, svo og aðrar tekjur, er sjóðsstjórnin kann að afla honum.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í öruggri innlánsstofnun eða í ríkistrygðum verðbréfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarnefnd Hólssóknar (3 menn), safnaðarfulltrúi Hólsafnaðar og sóknarprestur Bolungarvíkurprestakalls. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Hólssóknar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.